


Sturla Snorrason hjá módeli sínu af Gljáfaxa, farþegaflugvél af gerðinni DC 3.



Módel af öllum gerðum flugvéla hófu sig á loft á laugardaginn frá Hamranesflugvellingum í Hafnarfirði.

Flugsýning flugmódelfélagsins Þyts: Fljúgandi módelflugvélar

Það eru ekki bara ungir krakkar sem dunda sér við módelsmíði. Þetta tólmstundagaman hefur gripið margan eldri manninn líka. Módelsmíði er vandaverk ef vel á að vera og það tekur langan tíma að smíða stóran og góðan grip. Áhugamenn um flugmódel hafa með sér félagsskap sem heitir Þytur og þar sameinast þeir í módelsmíði sinni.

Síðastiðinn laugardag hélt flugmódelfélagið Þytur veglega módel-sýningu. Tuttugu ár eru liðin síðan félagið var stofnað og var sýningin haldin af því tilefni.

Sýningin var haldið á athafna-svæði flugmódelfélagsins, Hamra-

nesvelli, sem er í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Síðastiðin þrjú ár hafa félagar í Þyt unnið að því að koma sér upp flugvelli fyrir módel-flug og má segja að aðstaðan, sem nú er fyrir hendi á Hamranesvelli, sé með því besta sem þekktist.

Á sýningunni mátti sjá fjöldamarg- ar listavel gerðar módelflugvélar, allt frá farþegaflugvélum til gamalla tvíþekja. Vélunum er hægt að fljúga með fjarstýringu og leika með þeim ýmsar flugkúnstir. Stærri flugvélar voru einnig á sýningunni, svo sem Piper Cup vél, þyrta og svokallað fis en auk þess var sýnt listflug.

Omar rentur á Módelflugvellingum.



Ómar Ragnarsson gerir sig kláran í flugferð á Fisinu. 1991. DV-myndir JAK